

Erindisbréf

starfshópur um starfsemi og skipulag á atvinnu- og iðnaðarsvæðum.

Hlutverk:

Hópurinn er starfshópur um starfsemi og skipulag á atvinnu- og iðnaðarsvæðum.

Meginverkefni hópsins eru:

- Gera stefnu um uppbyggingu atvinnulífs í Hafnarfjarðarbæ með áherslu á nýbyggingarsvæði bæjarins.
- Tillögur að endurskoðun skipulags svæðanna.
- Móta stefnu og leiðir til þess að laða eftirsóknarverða atvinnustarfsemi til bæjarfélagsins.
- Áhersla á að skoða leiðir til að leggja mat á markmið fyrirtækja í umhverfismálum

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn og starfar hann í umboði bæjarráðs. Starfshópurinn skili tillögum eigi síðar en 1. febrúar 2023.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir af hálfu hópsins eru að jafnaði haldnir **x** sinni í mánuði, oftar ef sérstök þörf er á.

Starfshópurinn tekur þegar til starfa og skal starfstími hans miðast við lok meginverkefna hópsins og nauðsynlegrar eftirfylgni hvað þau varðar.

Skipan starfshópsins:

3 fulltrúar frá meirihluta

2 fulltrúi frá minnihluta.

Starfsmenn starfshópsins eru:

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

[fleiri ?].

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 16. júní 2022.